

**AKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 169/2018****2021/EES/13/47****frá 6. júlí 2018****um breytingu á bókun 30 við EES-samninginn um sérstök ákvæði varðandi skipulagningu
samvinnu á sviði hagskýrslugerðar**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að byggja hagskýrsluáætlun EES fyrir árin 2018-2020 á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 99/2013 ⁽¹⁾, síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1951 frá 25. október 2017 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 99/2013 um evrópsku hagskýrsluáætlunina 2013-2017 með því að framlengja hana til 2020 ⁽²⁾, og láta hana taka til þeirra liða áætlunarinnar sem nauðsynlegir eru til þess að unnt sé að lýsa og fylgjast með öllum þeim efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu þáttum Evrópska efnahagssvæðisins sem máli skipta.
- 2) Rétt er að bókun 30 taki til reglugerðar (ESB) 2017/1951 til að tryggja aukið samstarf til 2020.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 30 við EES-samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti hafist frá 1. janúar 2018.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á bókun 30 við EES-samninginn:

1. Í fyrirsögn 5. gr. komi orðið „2020“ í stað orðsins „2017“.
2. Eftirfarandi undirlið er bætt við 1. mgr. 5. gr.:

„– **32017 R 1951**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1951 frá 25. október 2017 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2017, bls. 1).“
3. Í 2. mgr. 5. gr. komi orðin „2013-2020“ og „31. desember 2020“ í stað orðanna „2013-2017“ og „31. desember 2017“.
4. Í 3. mgr. 5. gr. komi orðin „2013-2020“ í stað orðanna „2013-2017“.
5. Eftirfarandi kemur í stað 4. mgr. 5. gr.:

„EFTA-ríkin skulu greiða framlag, í samræmi við a-lið 1. mgr. 82. gr. sammingsins og tilheyrandi fjármálareglugerðir, sem nemur 75% af fjárhæðinni sem tilgreind er í fjárlagaliðum 29 02 05 (Evrópsk hagskýrsluáætlun 2013-2017) og 29 01 04 05 (Evrópsk hagskýrsluáætlun 2013-2017) og 29 01 04 05 (Stefna á sviði hagskýrslugagna – Kostnaður við rekstur stjórnsýslu) í fjárlögum Evrópusambandsins fyrir 2013 og sem nemur 75% af fjárhæðinni sem tilgreind er í fjárlagaliðum 29 02 01 (Að leggja fram vandaðar hagskýrslur, að hrinda í framkvæmd nýjum aðferðum við hagskýrslugerð og að styrkja samstarf innan evrópska hagskýrslukerfisins) og 29 01 04 01 (Útgjöld til að styðja við evrópska hagskýrsluáætlun) í fjárlögum Evrópusambandsins 2014-2020.“

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 39, 9.2.2013, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2017, bls. 1.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júlí 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2018.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júlí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.